

FUNDARGERÐ LEIKSKÓLANEFNDAR

Miðvikudaginn 15. september 2004 var fundur haldinn í Leikskólanefnd Höfðahrepps kl. 20:00 í leikskólanum Barnabóli

Mætt eru; Birna Sveinsdóttir formaður, Gígja Óskarsdóttir varamaður Dóru Sveinbjörnsdóttur, Björn Hallbjörnsson, Þórunn Bernóusdóttir leikskólastjóri og Sesselja Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna og Erla Hauksdóttir fulltrúi foreldrafélags.

Dagskrá fundarins:

1. Starfsmannamál
2. Barnafjöldi og biðlisti
3. Húsnæðið - lítið eldhús og skortur á geymslum
4. Önnur mál

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjórar umsóknir bárust vegna auglýsingar um tvö hlutastörf, umsóknarfrestur var til og með 6. september 2004. Umsóknir sem bárust eru frá Guðbjörgu Viggósdóttur, Ragnheiði Söndru Ómarsdóttur, Bergþóru Guðjónsdóttur og Sigurbjörgu Dís Konráðsdóttur. Nefndin leggur til að Guðbjörg Viggósdóttir verði ráðin í 75% stöðu, Ragnheiður Sandra í 70% starf og Bergþóra í stuðningsstarf.
2. Farið var yfir biðlista og barnafjölda á leikskólanum.
3. Húsnæði – farið yfir húsnæðismál og geymsluleysi. Nú eru 29 börn í hádegismat á leikskólanum og ljóst að eldhús og aðstaða fyrir matráð er orðið of lítið.
4. Engin önnur mál.

Fundargerðin var skráð í tölvu, lesin upp í lok fundarins og samþykkt, prentuð út og undirrituð af fundarmönnum. Fundi slitið kl.21:30

Birna Sveinsdóttir
(Sign)

Björn Hallbjörnsson
(Sign)

Gígja Óskarsdóttir
(Sign)

Dóra Sveinbjörnsdóttir
(Sign)

Sesselja Guðmundsdóttir
(Sign)

Erla Hauksdóttir
(Sign)

Þórunn Bernóusdóttir
(Sign)